



Tilmæli 14/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1753/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um plastagnir í drykkjarvatni (A 1753/hállbart)

Um plastagnir í drykkjarvatni

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 27. júní 2018 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún safni og birti upplýsingar um og stuðli að því að fram fari rannsókn á magni plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndum;

að hún samræmi mæliaðferðir þannig að tryggja meggi gæði niðurstaðna mælinga á örplasti í drykkjarvatni og gera samanburð milli Norðurlandanna;

að hún stuðli að auknum rannsóknum sem svari spurningunum: hvernig geta plastagnir endað í drykkjarvatni og hvort heilsufarshætta stafi af og ef svo er hvaða afleiðingar það geti haft fyrir menn.

Kaupmannahöfn, 5. júlí 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs